

EINAR SVEINSSON
arkitekt og húsameistari Reykjavíkur


Einar Sveinsson
arkitekt og húsameistari Reykjavíkur

Kjarvalsstaðir - Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Municipal Art Museum
október - desember 1995

Það er vel við hæfi að Reykjavíkurborg minnst arkitektsins Einar Sveinssonar með veglegri yfirlits-
sýningu. Nýkominn úr námi réðst Einar til starfa hjá Reykjavíkurbæ og þar var hans starfs-
vettvangur í nærfellt 40 ár. Hann var húsameistari Reykjavíkur á árunum 1934 til 1973 og hafði
sem slíkur mikil áhrif á skipulags- og byggingarmál bæjarins. Fáir einstaklingar hafa átt stærri
þátt í mótun Reykjavíkur. Með húsum sínum og hugmyndum hefur hann sett svip á bæinn og
listræn sérkenni verka hans eru í huga margra orðin samgróinn hluti af ásýnd Reykjavíkur. Þrátt
fyrir mikilsvert framlag sitt til byggingar- og skipulagsmála í höfuðborginni naut Einar Sveinsson
sjaldnast sannmælis fyrir verk sín í lifanda lífi. Ekki síst vegna þess ber að fagna því tækifæri sem
hér gefst til að skoða og meta ævistarf hans í nýju ljósi.

The City of Reykjavík considers it a highly appropriate gesture to commemorate the work of
architect Einar Sveinsson with a retrospective exhibition. Immediately upon graduating, Einar
Sveinsson embarked on what would be a career spanning almost forty years of work for the city.
As municipal architect from 1934 to 1973 he exerted a major influence on planning and building
in Reykjavík. Few other individuals have made a greater contribution to shaping Iceland's capital.
His buildings and ideas are a distinctive feature of the city and to many people they are inextric-
ably linked with its character today. Despite his major contribution to architecture and planning
in Reykjavík, Einar Sveinsson's works were not always granted the recognition they deserved
during his lifetime. For this and other reasons, we welcome the present opportunity to examine
and appreciate his life's work in a new light.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar / Chair, Cultural Committee of the City of
Reykjavík:



Í minningu Stelli Reykdal
sem lést þann 27. mars sl.

In memory of Stella Reykdal,
d. March 27, 1995

Undirbúningur og fjármögnun sýningarinnar um Einar Sveinsson er samvinnuverkefni bygginga-
deildar Borgarverkfræðings og byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur / Exhibition jointly
prepared and sponsored by the Building Department of the Reykjavík City Engineer's Office and
the Architectural Department of the Reykjavík Municipal Art Museum, Kjarvalsstaðir.

Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð / Curatorship, research and text: Pétur H. Ármannsson

Boðberi nýrrar byggingarstefnu 1932-1936

Einar Sveinsson varð fyrstur íslenskra arkitekta til að sækja menntun til Þýskalands. Strax eftir lokapróf frá tækniháskólanum í Darmstadt, síðla árs 1932, fluttist hann til Reykjavíkur og hóf rekstur eigin teiknistofu. Fljótlega hóf hann samvinnu við Sigmund Halldórsson húsameistara, sem síðar varð byggingarfulltrúi Reykjavíkur. Árið 1934 var Einar Sveinsson ráðinn húsameistari Reykjavíkur, en þeir Sigmundur áttu áfram samstarf um einstök verkefni fram til ársins 1936.


Um það leyti er Einar Sveinsson kom heim frá námi var vaxandi áhugi meðal Íslendinga á verklegum framkvæmdum og tæknilegum umbótum. Í byggingarlist hafði tilkoma járnbenntar steinsteypu í upphafi aldarinnar skapað ný skilyrði til varanlegrar húsagerðar úr innlendum efnum. Þáttaskil urðu um 1930, er áhrifa funksjónalismans fór að gæta. Einkenni stefnunnar tóku brátt að setja svip sinn á almenna húsagerð. Árið 1933 hófu störf í Reykjavík tveir ungir arkitekta, Gunnlaugur Halldórsson og Einar Sveinsson, sem urðu helstu boðberar hinnar nýju byggingarstefnu. Inntak hennar skilgreindi Einar svo í blaðagrein árið 1943: *Hér er ekki um neina stað- eða tímabundna stefnu að ræða, heldur stefnu, sem hefur tekið visindin í þjónustu sína og tekur allar aðstæður til greina. Viðleitni hennar er að leysa verkefni á rökréttan hátt, í fullu samræmi við tilgang og notagildi þess mannvirkis, sem um er að ræða og láta byggingartæknina og efnið birtast í hinu ytra sem innra formi, á látlausan en þó listrænan hátt.¹⁾*

Í viðtali við Morgunblaðið árið 1935 lýsti Einar Sveinsson skoðunum sínum á ýmsu því sem einkenndi byggingarhætti Íslendinga. Þar gagnrýndi hann m.a. þá hugmynd að endurvekja stíl gömlu sveitabæjanna í bárujárnri og steinsteypu og taldi allar tilraunir í þá átt hafa "misheppnast mjög". Hið sama taldi hann eiga við um hinn "svonefnda stuðlabergsstíl", þar sem þýðingarlaust væri að tala um stíl í byggingarlistinni, "nema að hann sé í eðlilegu samræmi við byggingarefnið sem er lagt honum til grundvallar."²⁾

Eitt fyrsta húsið sem Einar teiknaði að loknu námi var Freyjugata 43 (1933). Þar er öll einkenni funksistefnunnar, jafnt í ytra útliti sem innri tilhögun. Sama ár gerði Einar m.a. uppdrætti af íbúðarhúsunum Bárugötu 3, Kleppsmýrarbletti XII (nú Langholtsvegí 145) og Bergþórugötu 55-57. Auk þess teiknaði hann verkstæðis- og geymslúshús hf. Strætisvagna Reykjavíkur við Snorrabraut. Af verkum sem Einar og Sigmundur unnu að saman ber helst að geta íþróttahúss Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu 7, sem tekið var í notkun árið 1935.³⁾ Um líkt leyti hlaut tillaga þeirra 2. verðlaun í samkeppni um íbúðarhús Byggingarsamvinnufélagsins Félagsgarðs og risu nokkur hús eftir þeim teikningum. Af íbúðarhúsum sem þeir teiknuðu má nefna húsinn við Hávallagötu nr. 3, 7, 9 og 13, teiknuð á árunum 1934-36. Einkennandi fyrir fyrstu verk Einars Sveinssonar eru einföld, teningslaga húsform, vandaðar tæknilegar útfærslur og næm tilfinning höfundar fyrir stærðarhlutföllum, samstillingu og niðurröðun gluggaopa á veggfleti. Dæmi um þetta eru húsinn Bárugata 3 og Lindargata 7, þar sem gluggaskípanin skapar áhugavert jafnvæggissamspil láréttra og lódréttra lína á annars hreinskornum veggfleti. Með verkum sínum á 4. áratugnum átti Einar Sveinsson þátt í mótun nýs byggingarlags er fólst í aðhæfingu funksistefnunnar að íslenskum aðstæðum. Sérkenni þess voru m.a. notkun íslenskra steintegunda til utanhúðunar steyptra veggja, lágreist valmaþök í stað flatra þaka og steyptra þakrennur. Hús með þessu sniði settu sterkan svip á ný hverfi bæjarins allt fram á 6. áratuginn.



Tjarnargata 43 (1929)



Sjafnargata 11 (1930)



Bárugata 3 (1933)

1)

Einar Sveinsson, Skipulag miðbæjarins. Morgunblaðið, 22. júlí 1943.

2)

Úr daglega lífinu. Einar Sveinsson arkitekt segir frá byggingarlist og byggingum Íslendinga á síðustu tímum í samtali við Sigurð Benediktsson. Morgunblaðið, 24. júlí 1935.


3)


Guðjón Friðriksson. Saga Reykjavíkur 1870-1940. Síðari hluti, bls. 153. íbúnn, 1994.



Lithmyndir af höfðinu Jóhannan, Eirakirkju, Lífeyfingarskið Ska.


Freyjugata 43, íbúðarhús Sigurðar Jóhannssonar / residence, 1933
Einar Sveinsson





Lithography: S. E. Vigfusson, Art. Sigfusson


Snorrabraut 56, hús hf. Strætisvagna Reykjavíkur / bus depot, 1933
Einar Sveinsson





Ljósmyndhöfðingur: Páll Sveinsson, Ljósmyndendaskólinn í Reykjavíki

Lindargata 7, íþróttahús Jóns Þorsteinssonar / private sport centre, 1935
Einar Sveinsson, Sigmundur Halldórsson




Húsameistari Reykjavíkur - opinberar byggingar 1934-1945

Árið 1934 samþykkti bæjarráð Reykjavíkur að ráða Einar Sveinsson arkitekt til þess að vinna að skipulagi og öðrum húsameistarastörfum fyrir bæinn. Starfið fólst í því að gera uppdrætti af byggingum á vegum bæjarins og hafa umsjón með smíði þeirra. Einar Sveinsson gegndi stöðu húsameistara Reykjavíkur í tæp 40 ár, allt til þess er hann lést árið 1973. Hönnun opinberra bygginga á vegum Reykjavíkurborgar var umfangsmesti þátturinn í lífsstarfi Einars enda er hann kunnastur fyrir verk sín á því sviði.

Fyrsta byggingin sem Einari Sveinsson teiknaði sem húsameistari bæjarins var barnaskólahús við Reykjaveg í Laugardal. Skólanum var ætlað að þjóna dreifðum byggðasvæðum austan hins eiginlega þéttbýlis, auk þess sem þar var gert ráð fyrir heimavist fyrir veikluð börn. Einar Sveinsson hófst handa við teikningu hússins í júnímánuði 1934. Skólahúsið, sem var fullbyggt árið 1935, myndar nú hluta austurálmú Laugarnesskóla.¹⁾ Árið 1942 vann Einar Sveinsson tillögu að stækkun þess í samvinnu við Ágúst Pálsson arkitekt, sem var starfsmaður hans á árunum 1941-45. Byrjað var að kenna í byggingunni haustið 1944. Seinni áfangi Laugarnesskóla var fyrsta skólahús sinnar gerðar hér á landi, þar sem kennslustofum var skipað á þrjá vegu umhverfis samkomusal í miðju er náði upp í gegnum allar aðalhæðir hússins. Aðkoma að kennslustofum liggur um stiga og svalir, sem opnast inn í miðrymið. Eitt sérkenni hússins er að aðalhluti þess er ekki rétthyrndur eins og ætla má við fyrstu sýn heldur mjókkar hann lítið eitt til suðurs. Lögun hússins endurspeglast í salnum í miðju sem virðist fyrir vikið grynri en hann í raun er þegar inn er komið. Fá hliðstæð dæmi eru um notkun fjarviddaráhrifa við mótun rýmis í íslenskum byggingum. Mjög var til skólahússins vandað að öllu leyti og sérstök alúð lögð í innviði þess. Húsgagnaarkitektarnir Skarphéðinn Jóhannsson og Gunnar Theódórsson teiknuðu húsgögn og innréttingar og Ásmundur Sveinsson myndhöggvari mótaði járnmyndir í handrið og styttur efst í stigagöngum. Þá málaði Jóhann Briem listmálari röð mynda er prýða veggj miðsalar.

Annað meginverk Einars Sveinssonar frá fyrstu árum hans í starfi húsameistara bæjarins var Melaskólinn. Uppdrættir og líkan af skólahúsinu voru kynnt blaðamönnum snemma árs 1944.²⁾ Byggingin var tekin í notkun haustið 1946, þótt frágangi hennar væri ekki lokið. Aðalálma hússins er á þremur hæðum og er efsta hæðin inndregin að hluta til, þar sem eru svalir í beinum tengslum við kennslustofur. Hringlaga útbygging er á skólanum að austanverðu er hýsir inngang og fatageymslu skólabarna á neðri hæð og kennarastofu á efri hæð. Melaskólinn var fyrsta byggingin sem reis við Melatorg og er sveigjan í aðalálmú hússins bein afleiðing af hringlaga uppbyggingu skipulagsins umhverfis torgið. Fullbúinn var Melaskólinn talinn ein veglegasta bygging sem reist hafði verið á vegum bæjarins. Fyrir tíma Höfða og ráðhúss var skólinn eins konar "andlit" Reykjavíkur, þar voru haldnar móttökur á vegum borgarstjórnar, m.a. fyrir þjóðhöfðingja Norðurlandanna.

Ýmsir urðu til þess á sínum tíma að gagnrýna bæjaryfirvöld fyrir brúð og óhóflegan íburð við byggingu Laugarnesskóla og Melaskóla. Það er til marks um hve vel var vandað til þessara húsa að gólfefni og veggfletir innanhúss hafa staðist álag hálftrar aldar notkunar án verulegs viðhalds, svo vart sér á nokkrum hlut. Það aukafé, sem í upphafi var lagt í vandaðan frágang, hefur fyrir löngu skilað sér í litlum viðhaldskostnaði. Meira máli skiptir þó það gildi sem listrænt umhverfið hefur haft fyrir uppeldis- og skólastarfið innan veggja þessa stofnana í þá áratugi sem þær hafa starfað.



Laugarnesskóli (1934-5). 1. áfangi /
1 st phase. Ljósmynd / photo:
Sigurður Guðmundsson,
Laugarnesskóli.


1)
Laugarnesskóli 50 ára, 1935-1985 (afmælisrit). Reykjavík, 1988.

2)
Skíldinganeskóli á Melunum. Morgunblaðið, 25. feb. 1944.



Lágvindur Ólafsson / photograph artist, Laugarnesskóli.


Laugarnesskóli / elementary school, 1934-1945
 Einar Sveinsson, Ágúst Pálsson





Interimphoto: S.E. Vignir, Arcastrætti.

Melaskóli / elementary school, 1944-1946
Einar Sveinsson, Ágúst Pálsson





Ljósmyndari óþakktur / photographer unknown, Laugarnesskóli.

Laugarnesskóli, miðrymi / central hall



Ljósmyndari óþakktur / photographer unknown, Eitrokk / copy: Ljósmyndasafn Rík. Borgarskólans.

Melaskóli, anddyri / assembly hall

Umsjón með skipulagsmálum Reykjavíkur 1934-1949

Mikilvægur þáttur í starfi Einars Sveinssonar sem húsameistara bæjarins var vinna hans að skipulagsmálum Reykjavíkur. Hann hafði umsjón með þeim málaflökki frá 1934 og allt til þess að stofnuð var sérstök skipulagsdeild bæjarins árið 1949. Ásamt Valgeiri Björnssyni bæjarverkfræðingi skipulagði hann fyrstu íbúðarhverfin sem byggðust upp utan Hringbrautar, Norðurmýri og Melahverfi. Í framhaldi gerði hann skipulagsupprætti af öðrum svæðum auk margra tillagna, sem ekki urðu að veruleika.

Snemma á fjórða áratugnum var orðið brýnt að skipuleggja bæjarlandið utan Hringbrautar. Í fyrsta skipulagi Reykjavíkur frá 1927 var gengið út frá að byggðin myndi haldast innan Hringbrautar næstu áratugina en í reynd varð vöxtur bæjarins hraðari en nokkurn hafði grunað. Fremur en að halda samkeppni eða kalla til erlenda sérfræðing ákvað Jón Þorláksson borgarstjóri að ráða Einar Sveinsson arkitekt til þess að vinna að framtíðarskipulagi bæjarins. Í námi sínu í Darmstadt hafði Einar Sveinsson lagt sérstaka stund á skipulagsfræði og mun það hafa ráðið miklu um ráðningu hans til bæjarins.¹⁾ Fyrsta viðfangsefni Einars og Valgeirs var framtíðarskipulag Reykjavíkur utan Hringbrautar. Verkefnið fólst í því að ákvarða legu helstu gatna á óbyggðum svæðum inn að Elliðaám og skilgreina aðkomuleiðir í bæinn úr öllum áttum.²⁾ Um líkt leyti (1934-1936) gerðu þeir tillögur að skipulagi íbúðarbyggðar í Norðurmýri. Meginatriði í því skipulagi var afstaða húsa og lóða gagnvart sóli, og var breidd (dýpt) húsa og stefna gatna ákvörðuð með hliðsjón af því. Gert var ráð fyrir einlyftum parhúsum með kjallara og háu risi á hluta svæðisins en byggingarnefnd heimilaði frávik þannig að heil hæð með lágu valmapaki kom í stað rishæðar. Eitt hús reis þó í mynd hins upphaflega skipulags, Karlagata 14-16, og stendur það enn óbreytt. Á árunum 1936-40 unnu Einar og Valgeir að mótun byggðar í Melahverfi. Þar var í fyrsta sinn gert ráð fyrir stakstæðum, fjögurra hæða blokkum á opnu svæði í jafri byggðarinnar. Annað nýmæli var geislaskipulagið, hugmyndin um hringlaga torg í miðju hverfis með götum út frá í allar áttir, sem á sér fyrirmynd í þýskum borgum.

Á styrjaldarárunum gerði Einar Sveinsson skipulagsupprætti af nokkrum íbúðarsvæðum í austurhluta Reykjavíkur. Má þar nefna hverfi verkamannabústaða á Rauðarárholti og smáhúsabyggð í Túnum og Kleppsholti. Árið 1944 var Þór Sandholt arkitekt ráðinn til Húsameistara Reykjavíkurbæjar til þess að vinna að skipulagsmálum. Starfaði hann þar undir stjórn Einars uns hann var ráðinn fyrsti forstöðumaður skipulagsdeildar bæjarins árið 1949. Á því tímabili urðu m.a. til upprættir af Hlíðahverfi vestan Lönguhlíðar, Skjólunum, Vogunum og Teigahverfi.³⁾ Auk þess að móta nýja byggð setti Einar Sveinsson fram hugmyndir um endurskipulag í eldri hverfum bæjarins innan Hringbrautar. Ber þar hæst stórbrotnar tillögur hans um framtíðarskipulag miðbæjarins frá árinu 1943. Greinargerð um miðbæjarskipulagið birtist í Morgunblaðinu í júlí 1943.⁴⁾ Þar birtast glögg þau tvö sjónarmið, sem kalla má einkennandi fyrir viðhorf Einars Sveinssonar til skipulags. Annars vegar er hugmyndin um skipulag sem fagurfræðilega mótun rýmis, sem á rætur í evrópskri borgarhefð liðinna alda. Hins vegar er lögd áhersla á eðlis- mun eldri og yngri húsagerðar, þar sem ný byggingartækni og krafan um sóli og birtu í öllum vistarverum kallar á sundurlausa byggð. Í skipulagsúrlausnum Einars má greina stöðuga viðleitni til að samræma þessi ólíku viðhorf, rómantíska skipulagssýn 19. aldar með afmörkuðum torgum og breiðgötum, og manngildishugsjón funksjónalismans, þar sem réttur alls almennings til bjarttra og heilsusamlegra hífýla var settur í öndvegi við mótun byggðar.



Heildarskipulag Reykjavíkur (1936) / development plan for Reykjavik



Laugavegur og byggðin í Túnum / new residential districts in the eastern part of Reykjavik. Ljósmyndari óþekktur / photographer unknown. Árbæjarsafn

1) Guðjón Friðriksson. Saga Reykjavíkur 1870-1940. Síðari hluti, bls. 309-11, Iðunn, 1994.

2) Tillögur um framtíðarskipulag Reykjavíkur. Morgunblaðið, 18. ágúst 1936.


3) Finnur Kristinsson. Drög að skipulagsögu Reykjavíkurborgar. Óbirt handrit.

4) Einar Sveinsson. Skipulag miðbæjarins. Morgunblaðið, 22. júlí 1943.



Liðamyndari speðktor / fotografar arkitektum. Arkitektar


Norðurmýri, skipulag íbúðarhverfis / residential district, 1934-36
Einar Sveinsson, Valgeir Björnsson






Liðmyndar óskráttur / photograph uncredited. Arkitekturstofa.


Melahverfi, skipulag íbúðarhverfis / residential district, 1936-40
Einar Sveinsson, Valgeir Björnsson





Ljómöntari óþekktur / photographs unknown. Hönnuð af Einar Sveinsson.

Framtíðarskipulag miðbæjarins, tillaga / redevelopment plan for Reykjavik city centre, 1943
 Einar Sveinsson, Valgeir Björnsson




Einar Sveinsson arkitekt átti með verkum sínum og hugmyndafræði drjúgan þátt í mótnun þeirrar húsagerðar sem ríkjandi varð í nýjum íbúðarhverfum Reykjavíkur utan Hringbrautar á árunum milli 1935 og 1950. Einkennandi fyrir íbúðir þessa tímabils var hugmyndin um niðurröðun herbergja með tilliti til sólargangs, sem Einar Sveinsson fjallaði um í grein í ritinu Húsakostur og hibýlaprýði, er út kom árið 1939. Ritgerð Einars er merk heimild um þær breyttu áherslur í húsagerð sem hann og aðrir arkitektar funksjónalismans komu fram með, þar sem krafan um innra hagræði og notagildi var lögð til grundvallar í formrænni mótnun: *Eitt af mikilsverðustu atriðum við fyrirkomulag hvernar íbúðar er það, að herbergjaskipun hennar sé rétt gagnvart sól. Frá heilsufræðilegu sjónarmiði þurfa helst öll íbúðarherbergi að njóta sólar minnst 1-2 tíma á dag. Ákjósanlegast er, að sólartími hvers herbergis falli saman við þann tíma, sem herbergið er aðallega notað, og því er eftirfarandi herbergjaskipun æskileg: Svefnherbergi og barnaherbergi hafi glugga móti austri eða suðri, borðstofan gegn suðri og einnig gegn austri, ef því verður við komið. Dagstofan hafi glugga gegn suðri og vestri, til þess að fá eftirmiðdags- og kvöldsólina. Oft er, t.d. með útbyggingu, einnig hægt að fá austurglugga á dagstofuna, og er það mjög æskilegt. Í stærri íbúðum er oft um þriðju stofuna að ræða, og liggur hún best gegn vestri. Eldhús og badherbergi gegn norðri eða norðaustri. Inngangur og stigahús eru oftast gegn norðri eða vestri, og er það dálítið háð afstöðu hússins gagnvart götu, en þó ber að gæta þess, að inngangur sé ekki gegn verstu rigningaráttinni.¹⁾*


Ef bornar eru saman grunnmyndir íbúðarhúsa Einars frá ólíkum tímabilum starfsævi hans kemur í ljós að innra skipulag húsa hans er í flestum tilvikum mótað af þeim meginreglum, sem lýst er í ofangreindri tilvitnun. Í ytra útliti húsa hans má snemma greina ákveðin höfundareinkenni, sem áttu m.a. rætur í áhuga Einars á stærðfræði. Dæmi um það er dálæti hans á skásettum, sveigðum og hringlaga formum. Í fyrstu voru þessi sérkenni bundin við afmörkuð útlitsatriði, svo sem svalir, gluggaop, dyraskyggni, útitróppur og steypar burðarsúlur. Á eftirstríðsárunum urðu hin persónubundu höfundareinkenni sterkari þáttur í heildarmótnun alls hússins, eins og sjá má í innra skipulagi húsa hans við Ægisíðu 92 og Siglúvog 5.

Aukin velmegun í kjölfar stríðsins leiddi til þess að íbúðir almennt stækkuðu að grunnfleti, húsin breikkuðu og gangar í miðju íbúðar urðu að breiðu herbergi (holi). Við þetta hvarf sá látlaus þökk sem einkennt hafði byggingarlag kreppuáranna. Ein afleiðing aukinnar húsdýptar var að þök hækkðu og urðu margbrotin í formi. Smárúðugluggar urðu vinsælir á ný sem og ýmis konar ytra skraut. Merkja má einkenni þessarar þróunar í nokkrum húsum sem Einar Sveinsson teiknaði á tímabilinu 1945 til 1949, t.d. Viðimel 27-29.


Innflutningshöft og efnahagsvandí settu mark sitt á reykviska húsagerð snemma á 6. áratugnum. Jafnframt bárust áhrif nýrra erlendra strauma, þar sem á ný var lögð áhersla á einfaldleika og hreinstefnu í arkitektúr. Um líkt leyti tók ásýnd nýrra íbúðarhverfa að breytast. Íslenska múrhúðunin hvarf og valmaþökin viku fyrir einhalla þökum. Á árunum 1950 til 1955 gerði Einar Sveinsson tilraunir með óhefðbundnar þakgerðir á nokkrum íbúðarhúsum, m.a. Háuhlið 20 og Fornhaga 24. Eitt merkasta verk hans frá þessu tímabili er húsið Kvisthagi 12, þar sem lítt áberandi þaklausn myndar eðlilegt mót-vægi við margbrotið heildarform.



Hávallagata 1 (1939), grunnmynd / plan



Ægisíða 92 (1949), grunnmynd / plan




Siglúvogur 5 (1952), grunnmynd / plan

1)

Einar Sveinsson. Fyrirkomulag og gerð sérstæðra íbúðarhúsa í kaupstöðum. Húsakostur og hibýlaprýði. Mál og Menning, 1939.




Suðurgata 37, íbúðarhús / residence, 1939
Einar Sveinsson






Litmyndir: Óspítan / photograph: unknown. Hönnunarmátt: ríkinn.

Viðimelur 27-29, íbúðarhús / residence, 1945
Einar Sveinsson





Kvisthagi 12, íbúðarhús / residence, 1952
Einar Sveinsson



Sem skipulagshöfundur og arkitekt var Einar Sveinsson brautryðjandi í hönnun fjölbýlishúsa með nútímasniði. Hann var höfundur að íbúðarhúsum Reykjavíkurbæjar við Hringbraut, Skúlagötu og Lönguhlíð, en með þeim var farið inn á nýjar brautir í úrlausn húsnæðismála, bæði hvað varðar ytra skipulag og innri tilhögun bygginga.

Snemma á styrjaldarárunum varð mikill skortur á íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Orsakir hans má rekja til samdráttar í húsbýggingum sem bar að á sama tíma og straumur aðkomufólks lá í bæinn.¹⁾ Veturinn 1941-42 voru byggðar á vegum Reykjavíkurbæjar 104 íbúðir í bráðabirgðahúsum úr timbri við Höfðatún (Höfðaborgin). Húsin áttu einungis að standa í stuttan tíma en kostnaður við byggingu þeirra reyndist vera um 60% af verði varanlegra bygginga. Í ljósi þess var talið henta betur að leysa íbúðarvandann með byggingu stórra fjölbýlishúsa með vönduðum íbúðum.²⁾

Árið 1942 var Einar Sveinssyni falið að teikna tvær stórar sambyggingar með 48 íbúðum við Hringbraut 37-47. Húsin voru hluti af nýju skipulagi hans af Melahverfi, þar sem raddir stakstæðra fjölbýlishúsa á opnu svæði komu í stað þéttrar borgarbyggðar með samfelldum húsaröðum meðfram götu. Með þessu móti skapaðist aukið svigrúm í hverfinu án þess að íbúðum fækkaði, minni kostnaður varð við holræsialagnir og gatnagerð og allar íbúðir nutu sólar til jafns. Við mótun húsa tók Einar mið af niðurstöðum nýlegra rannsókna, þar sem sýnt var fram á áhrif húsdýptar á gæði íbúða.³⁾ Því mjórra sem húsið er, þeim mun betur gætir sólarljóss í vistarverum þess. Í sambyggingunum við Hringbraut er breidd hússins einungis 9.5 m og njóta öll herbergi hvernar íbúðar dagsbirtu og beinnar útloftunar um glugga á útvegg. Mjög var til húsa vandað að öllu leyti, til dæmis voru loftplötur steyptar þykkri en venja var til að bæta hljóðeinangrun.⁴⁾ Meðal nýjunga voru skásett útskot með hornglugga á stofu hvernar íbúðar og bogadregnar svalir með innbyggðri blómasyllu. Reykjavíkurbær seldi einstaklingum íbúðirnar með ákvæðum um forkaups- og forleigurétt.

Í næsta áfanga risu á vegum bæjarins 72 íbúðir í sambyggingu við Skúlagötu 64-80. Um var að ræða íbúðir til útleigu og veitti ríkissjóður lán út á framkvæmdina á grundvelli laga um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Framkvæmdir hófust snemma árs 1945 og flutt var í fyrstu íbúðirnar tæpum tveimur árum síðar. Þriðja og síðasta fjölbýlishúsið sem Einar teiknaði fyrir Reykjavíkurbæ reis í Hlíðahverfi, á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar. Byrjað var að byggja snemma árs 1946 en miklar tafir urðu á verkínu. Verktökum reyndist erfitt að útvega iðnaðarmenn, en mikill uppgangur var í byggingarvinnu eftir lok stríðsins. Þá barst neitun um ríkislán á þeirri forsendu að bæjarbyggingarnar væru óhæfilega dýrar og vandaðar í samanburði við hliðstæðar íbúðir í verkamannabústöðum.⁵⁾ Af því tilefni ritaði Einar Sveinsson greinaflokk í Morgunblaðið í október 1948, "Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar", þar sem hraktar eru með nákvæmum útreikningum fullyrðingar um óhóflegan byggingarkostnað.⁶⁾ Þó Einar tækist að færa fram gild fagleg rök urðu bæjarbyggingarnar og úthlutun íbúða í þeim engu að síður að pólitísku deilumáli, með þeim afleiðingum að bæjaryfirvöld hættu við að byggja fleiri fjölbýlishús, sem ætlunin hafði verið. Í staðinn var ráðist í byggingu 200 íbúða í litlum, tvílyftum fjörbýlishúsum í Bústaðahverfi eftir teikningu Sigmundar Halldórssonar, þar sem eigendum gafst kostur á að vinna sjálfir að byggingunni.⁷⁾



Höfðaborg (1941-42) / Temporary housing. Ljósmynd / Photo: Vignir, Árbæjarsafn.

1)

Gunnar Thoroddsen. Húsnæðismálin I-II. Morgunblaðið 11. nóv., 12. des. 1949.

2)

Einar Sveinsson. Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar. Morgunblaðið, 13. okt. 1948.

3)

Stockholms Stads Smalhusutredning. Samkvæmt viðtali við Skúla H. Norðdahl arkitekt.

4)

Samkvæmt viðtali við Einar B. Pálsson verkfræðing.

5)

Timinn, 30. júlí 1948.

6)


Einar Sveinsson. Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar. Morgunblaðið, 8., 9., 10. og 13. okt. 1948.

7)

Gunnar Thoroddsen. Húsnæðismálin III. Morgunblaðið, 22. janúar 1950.



Hringbraut 37-47, fjölbýlishús Reykjavíkurbæjar / municipal housing, 1942-1944
 Einar Sveinsson, Ágúst Pálsson





Útmyndað úr myndum / photographs unknown. Efirtekið af: Útmyndað af: Ragnheiða. Ragnheiða.


Skúlagata 64-80, fjölbýlishús Reykjavíkurbæjar / municipal housing, 1944-1948
Einar Sveinsson, Ágúst Pálsson





Lífamyndarlíkingarrit / photograph unknown. Árbæjarsafn.

Langahlíð 19-25, fjölbýlishús Reykjavíkurbæjar / municipal housing, 1945-1949
Einar Sveinsson, Gunnar H. Ólafsson



Íbúðarhús byggingarsamvinnufélags prentara 1945-1962

Á árunum 1945-1962 vann Byggingarsamvinnufélag prentara merkilegt brautryðjendastarf á sviði húsnæðismála, þar sem hæst ber byggingu fyrsta íbúðarháðýsisins hér á landi. Einar Sveinsson gerði uppdrætti af öllum þeim íbúðarbyggingum sem félagið reisti, fjórum fjölbýlishúsum og þremur fjörbýlishúsum.

Prentarar höfðu frá upphafi verið öðrum stéttum framsýnni í hagsmunabaráttu sinni og urðu þeir fyrstir til að stofna byggingarfélag í nafni stéttarfélags síns í aprílmánuði árið 1944. Frumkvæði þeirra byggðist á því sjónarmiði að heimilið væri undirstaða að tilveru og þróun þjóðfélagsins og því væri brýnt hagsmunamál vinnandi fólks að vinna bót á því húsnæðisleysi og leiguokri sem lengi hefði viðgengist í Reykjavík. Í fyrsta áfanga byggingaráætlunar sinnar hófu prentarar að reisa þrjú samliggjandi hús við Hagamel 14-24 árið 1945. Hvert þeirra var fjörbýlishús, tvær íbúðir í hvorum enda með aukaherbergi í rísi og fullkomnu, sameiginlegu þvottahúsi í kjallara. Lokið var við smíði þeirra veturinn 1947-48.¹⁾

Í næsta áfanga byggðu prentarar tvö fjölbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur. Fyrra húsið reis við Neshaga 5-9 á árunum 1951-55 en hið síðara við Hjarðarhaga 54-58 á árunum 1954-57.²⁾ Bæði húsin teiknaði Einar Sveinsson í samvinnu við Gunnar H. Ólafsson arkitekt. Um var að ræða stigagangsblokkir, þar sem innra skipulag íbúða og gluggaskipan var í aðalatriðum eins í báðum tilvikum en útfærsla þakhæðar mismunandi. Sökum landhalla varð annar endi Hjarðarhagahússins með íbúðum á fimm hæðum, en stjórn byggingarfélagsins var því annars mótfallin að reisa venjuleg íbúðarhús hærrí en þrjár hæðir vegna erfiðra stiga. Ekki síst vegna þess kom fram sú hugmynd að reisa 8-12 hæða fjölbýlishús með lyftum, en íbúðarháðýsi voru þá mjög að ryðja sér til rúms í flestum löndum Evrópu.

Haustið 1955 fékk Byggingarfélag prentara úthlutað lóð undir fjölbýlishús á horni Laugarnesvegur og Kleppsvegur. Stjórn félagsins sótti um að fá að hafa álmuna með Kleppsveginum átta hæðir í stað fjögurra, eins og gert hafði verið ráð fyrir í skipulagi.³⁾ Samþykkt undanþágunnar varð til þess að heimild var veitt fyrir byggingu íbúðarháðýsa á öðrum stöðum í borginni, m.a. í Heimahverfi og efst á Laugarásnum. Framkvæmdir við "skýjakljúf" prentara hófust árið 1956 og var húsið steipt upp á fáum vikum sumarið 1957. Vö byggingu þess var beitt nýrri tækni, svonefndum skriðmótum, sem lyft var upp með vélarafli jafnóðum og húsið var steipt. Fullbyggð var Laugarnesblokkin stærsta íbúðarhús landsins með 59 íbúðum. Þrjár lyftur voru í aðalálmu hússins, ein í hverju stigahúsi. Í kjallara var m.a. leik- og samkomusalur fyrir íbúa hússins.⁴⁾ Árið 1957 hófu prentarar undirbúning að byggingu 12 hæða háðýsis við Sólheima með 60 íbúðum. Sólheimaháðýsið var annarrar gerðar en Laugarnesblokkinn, svonefnt "punkthús" með lyftu- og stigakjarna í miðju og íbúðarálmu í þrjár áttir. Samkomusalur var á efstu hæð í suðurálmu hússins, sem síðar var breytt í íbúð.

Á því tímabili er Byggingarsamvinnufélag prentara starfaði þóttu íbúðir þess bera af hvað varðaði innra skipulag, frágang, þægindi og verð. Fleiri nutu góðs af framtaki þess en prentarar einir því frá árinu 1946 var félagið opið öllum þeim sem áhuga höfðu. Miklar vinsældir félagsins urðu hvati þess að ráðist var í stórtækari framkvæmdir en ætlunin var í upphafi. Ef marká má ummæli formanns félagsins í Alþýðublaðinu árið 1957 var það ekki hvað síst að þakka vandaðri hönnun, samvinnulipurð og traustri tækniþekkingu Einars Sveinssonar arkitekts að svo vel tókst til með byggingar á þess vegum.⁵⁾



Hagamelur 14-24, útlitsteikning / elevation.

1) Guðbjörn Guðmundsson, Byggingarsamvinnufélag prentara. Prentarinn, apríl 1947.

2) Guðbjörn Guðmundsson, Byggingarsamvinnufélag prentara 10 ára. Prentarinn, ágúst-sept. 1954.

3) Guðbjörn Guðmundsson, Byggingarsamvinnufélag prentara. Prentarinn (afmælisblað), 1957.


4) Morgunblaðið, 15. ágúst 1956.

5) Guðbjörn Guðmundsson í viðtali við Alþýðublaðið, 25. sept. 1957.



Litmyndin óskráð / fotografarinn óskráð. Áskráðingur.

Hagamelur 14-24, hús Byggingarsamvinnufélags prentara / Printers' Union Co-operative Housing, 1945-1948
Einar Sveinsson






Ummyssá / photo: Háness Pálsson, Myndasafn B. M. Valla M.

Kleppsvegur 2-6, hús Byggingarsamvinnufélags prentara / Printers' Union Co-operative Housing, 1956-1958
Einar Sveinsson





Sólheimar 23, hús Byggingarsamvinnufélags prentara / Printers Union' Co-operative Housing, 1957-1962 (til vinstri á mynd) Einar Sveinsson



Opinberar byggingar - samstarf við Gunnar H. Ólafsson 1945-1955


Í ágústmánuði árið 1945 var Gunnar H. Ólafsson ráðinn deildararkitekt á teiknistofu Húsameistara Reykjavíkurbæjar. Um tíu ára skeið var hann einn nánasti samstarfsmaður Einars Sveinssonar, allt til þess er hann var ráðinn forstöðumaður skipulagsdeildar bæjarins árið 1955. Á þessu tímabili var Gunnar meðhöfundur að nokkrum af kunnustu byggingum Einars, þ.á.m. Langholtsskóla, Heilsuverndarstöðinni og Borgarsjúkrahúsinu í Fossvogi.

Ein fyrsta bygging sem Einar og Gunnar unnu saman að var lítið hús við Reykjavíkurhöfn, á horni Tryggvagötu og Ægisgötu er var allt í senn: vígtarskýli, kaffistofa og blaðsöluturn. Byggingin setur enn svip á umhverfi sitt, en hún hefur mjög látið á sjá á síðustu árum. Turninn á austurhorninu stendur enn en klætt hefur verið yfir glugga á hlíðum hans og klukkan sem var efst uppi er löngu horfin.

Árið 1948 hófust Einar og Gunnar handa við hönnun nýs barnaskóla-skólahúss í Kleppsholti. Fyrstu drög voru kynnt í mars 1948 og endanlegar teikningar undirritaðar tæpu ári síðar. Byrjað var að grafa fyrir byggingunni árið 1949 en tafir urðu á framkvæmdum, m.a. vegna erfiðleika á útvegum byggingarefnis, sem var háð leyfi Fjárhagsráðs. Lokið var við smíði hússins síðla árs 1952. Mikil alúð var lögð í smíði Langholtsskólans, líkt og við hina tvo skólana sem Einar hafði teiknað. Voru þessi skólahús talin hin vönduðustu sem reist höfðu verið hérlandis og fremri flestu því sem byggt var erlendis um líkt leyti.¹⁾ Meðal nýmæla voru breiðir, samfelldir gluggar er náðu yfir alla hlíð hversrar kennslustofu. Athygli vekja ýmis sérkennileg útfærsluatríði, svo sem dyraskygni við inngang og hringlaga óveðursskýli í tengslum við útileiksvæði.

Af stærri verkum Einars Sveinssonar er Heilsuverndarstöðin sú bygging, sem að margra mati opinberar höfundareinkenni hans með hvað skýrustum hætti. Ekkert af þeim atriðum er þó til komið fyrir tilviljun, sem segir nokkuð um vinnubrögð hans. Það sem virðist vera persónuleg sérviska á sér yfirleitt rökréttu skýringu í gefnum forsendum. Aðkomubrýr og útbyggingar á súlum eru eðlileg lausn miðað við hæðarafstöðu lóðar gagnvart götu og kröfur innra skipulags. Margbreytileg gluggaskípan miðast við notkunarþarfir hvers herbergis. Aðalálma hússins er eilítið mjórri í annan endann og kemur skekkjan fram í miðganginum, er virðist styttri fyrir vikið. Heilsuverndarstöðin var teiknuð árið 1949 og voru undirstöður steypar ári síðar. Tafir urðu á framkvæmdum þar eð sú krafa var sett fyrir veitingu fjárfestingarleyfis að hluti byggingarinnar yrði tekinn undir sjúkradeildir. Sökum þess varð að endurskipuleggja efri hæðir hússins með það í huga að breyta mætti þeim síðar til samræmis við upphaflegar forsendur.²⁾

Árið 1948 skipaði bæjarstjórn Reykjavíkur nefnd til að undirbúa byggingu bæjarsjúkrahúss. Vann nefndin tillögur um stærð þess, gerð og staðarval og í framhaldi var Einari Sveinssyni og Gunnari H. Ólafssyni falið að teikna bygginguna. Uppdrættir voru lagðir fram snemma árs 1952 og miðuðust við T-laga aðalbyggingu með lágrí bakálmum. Bygging Borgarspítalans hófst árið 1954 og voru tvær af þremur aðalálum hússins steypar upp á næstu sjö árum. Starfsemi hófst í húsinu árið 1966 en fyrsti sjúklingurinn var lagður þar inn í desember 1967. Sjúkrahúsið var stærsta verk Einars og úrlausn þess tók drjúgan hluta af starfsævi hans. Er Einar lést var sett á fót teiknistofa undir stjórn Jóns Björnssonar arkitekts er vann áfram að hönnun þeirrar álmu sem ófullgerð var, auk viðbótarbyggingar fyrir stoðdeildir. Útlit hússins er í meginatriðum í samræmi við upphaflegu tillöguna frá 1952, ef undan er skilinn stoðdeildarhlutinn.³⁾



Skýli við Reykjavíkurhöfn (1945) /
Service building at Reykjavik Harbour

1) Morgunblaðið, 15. nóvember 1952.


2) Samkvæmt frásögn Gísla Teitssonar.

3) Fréttabréf um heilbrigðismál, 2.1981.



Láttamynding: Hjalmar B. Björnsson, Arkitekturstofa

Langholtsskóli / elementary school, 1. áfangi / 1st phase, 1948-1952
Einar Sveinsson, Gunnar H. Ólafsson







Útvefing: Gunnar H. Ólafsson, Littefing: Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur / municipal health centre, 1949-1955
Einar Sveinsson, Gunnar H. Ólafsson






Borgarspítalinn / municipal hospital, 1950-1973
 Einar Sveinsson, Gunnar H. Ólafsson



Á 6. áratugnum komu fram nýjar áherslur í arkitektúr Einarssonar sem urðu einkennandi fyrir mörg síðari verk hans. Ýmis skipulags- og frágangsatríði, sem sett höfðu svip sinn á fyrri byggingar Einarssonar, viku á þessu tímabili fyrir áhrifum frá alþjóðlegum mótternismáttirstríðsáranna. Ný höfundareinkenni litu dagsins ljós, þar sem athygli var beint að möguleikum járnbentrar steinsteypu til nýstárlegrar formsköpunar út frá burðareiginleikum efnisins.

Aukin umsvif settu svip sinn á teiknistofu Húsameistara bæjarins á þessu tímabili. Margir ungir arkitektar og hönnuðir komu þar til starfa í lengri eða skemmri tíma og nutu góðs af einstakri þekkingu og reynslu Einarssonar á sviði húsbýgginga. Í þeim hópi voru m.a. Aðalsteinn Richter, Gunnar H. Guðmundsson, Kjartan Sigurðsson, Kjartan Sveinsson, Sigurjón Sveinsson og Yngvi Gestsson. Einari var það kappsmál að gefa starfsmönnum sínum tækifæri til að mæta svip þeirra bygginga er þeir unnu að, enda hafði hann alla tíð þá reglu að láta starfsmenn rita nöfn sín undir teikningar sem þeir áttu þátt í að skapa. Á 6. og 7. áratugnum fóru bæjaryfirvöld í vaxandi mæli að ráða sjálfstætt starfandi arkitekta til verkefna á vegum bæjarins. Árið 1961 var stofnuð sérstök byggingadeild á vegum borgarverkfræðings til annast eftirlit með nýbyggingum á vegum Reykjavíkurborgar, öðrum en þeim er heyrðu undir teiknistofu Húsameistara. Tók þessi deild síðar við verkefnum embættisins er það var lagt niður að Einari Sveinssyni látnum. Á þessum árum mátti Einar oft sæta gagnrýni fyrir verk sín. Sem arkitekt galt hann þess að vera opinber embættismaður en sú staðreynd mótaði viðhorf margra stéttarbræðra til verka hans. Ýmsum úr þeim hópi þóttu byggingar Einarssonar vera full rómantískar og sérvískulegar til að geta talist sannur nútímaarkitektúr. Af öðrum toga voru ásakanir um ótilhlýðilegan íburð og byggingarkostnað, sem oft voru á miskilningi byggðar eða til komnar vegna vanþekkingar á byggingarmálum.

Af einstökum byggingum má nefna hækkun og breytingu hússins að Skúlatúni 2 fyrir skrifstofur á vegum bæjarins. Þar var einnig nýr fundarsalur bæjarstjórnar á efstu hæð. Frá svipuðum tíma eru fyrstu tillögur að nýrri sundlaug í Laugardal. Í áhorfendastúku laugarinnar, sem hönnuð var á árunum 1960-63, eru möguleikar byggingarefnisins nýttir til hins ýtrasta til burðartæknilegrar formsköpunar, steinsteypt burðargrindin er höfuðatriði í hugmynd og útfærslu hússins. Á sviði skólabygginga höfðu komið fram óskir um einfaldari og ódýrari lausnir, sem reisa mátti í áföngum. Breiðdagerðisskóli var fyrsti skólinn sem mótaður var eftir þessari forsoðgn, en þar er kennslustofum komið fyrir í einlyftum hliðarálum út frá aðalbyggingu. Hver skólastofa nýtur birtu úr tveimur áttum og hefur sjálfstæðan inngang frá skólalöð.¹⁾ Hliðstæð lausn var notuð við fyrsta áfanga Vogaskólans. Í gagnfræðadeildum Vogaskóla og Laugalækjarskóla var kennslustofum skipað á þrjá vegu umhverfis miðjuhol og stóran glugga. Sérkenni þessarra bygginga eru steypukrossarnir eða "krabbaklærnar" í glugga miðrymisins sem í reynd gegna tæknilegu hlutverki sem nauðsynleg styrking glerflatarins gegn vindþrýstingi. Af öðrum opinberum byggingum á vegum bæjarins má nefna Hafnarbúðir við Tryggvagötu, Slökkvistöð við Reykjanesbraut og nýbyggingar vistheimilis að Arnarholti, Kjalarnesi. Einar vann fá verkefni á eigin vegum eftir 1960, þó ber að geta viðbyggingar St. Jósefsspítala á Landakoti, en frumdrög hennar hafði hann áður mótað með Gunnari H. Ólafssyni. Seinustu byggingu sína teiknaði Einar Sveinsson árið 1971, verslunar- og íbúðarhús við Bergstaðastræti 7 á vegum fyrirtækisins Pfaff hf.



Sundlaugar í Laugardal, áhorfendastúka (1954-66) / spectators' stand



Laugarlækjaskóli (1959-64)

1)



Skúlatún 2 , hækkun og viðbygging / addition to existing building, 1954-1958
Einar Sveinsson, Kjartan Sveinsson



Innrétting borgarstjórnarsalar / council chamber interior
Einar Sveinsson, Aðalsteinn Richter, Gunnar H. Guðmundsson



Litamyndastofa / fotografar unntönn. Artþjálfarinn.

Breiðagerðisskóli / elementary school, 1956-60
Einar Sveinsson, Kjartan Sveinsson



Litamyndastofa / fotografar unntönn. Artþjálfarinn.



Ljómeyndir Óþekktur / photograph unknown. Arkitektúr.

Hafnarbúðir, verka- og sjómannahús / workers' canteen and hostel, 1958-1962
Einar Sveinsson, Aðalsteinn Richter




Ljómeyndir Óþekktur / photograph unknown. Arkitektúr.

Maðurinn að baki verkunum Áherslur og höfundareinkenni

Fáir einstaklingar hafa með verkum sínum og hugmyndum átt jafn mikinn þátt í að móta ásynd Reykjavíkur sem arkitektinn Einar Sveinsson. Flestir borgarþúar þekkja byggingar hans af eigin raun og tengja þær eigin minningum og reynslu. Margir hafa stigið sín fyrstu spor á námsbrautinni í skólum hans, átt bernskuslóðir í hverfum sem hann skipulagði og heimili sitt í húsum sem hann teiknaði. Verkin lifa góðu lífi en fáir kannast við nafn höfundarins.

Menntun Einars skapaði honum sérstöðu meðal íslenskra arkitekta og til hennar má rekja margar þær áherslur sem einkennandi eru fyrir verk hans. Hann var fyrsti arkitektinn sem kom til starfa á Íslandi eftir að hafa lokið prófi í húsaáæðarlist úr þýskum tækniháskóla, en fram til þess höfðu norræn áhrif verið ríkjandi í íslenskri húsaáæð. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem hlaut háskólamenntun í fagurfræðilegri mótun borga í anda rótgróinnar, evrópskrar skipulagshefðar. Enda þótt Einar yrði einn helsti boðberi og hugmyndafræðingur funksjónalismans í íslenskri húsaáæð var formræn hugsun hans alla tíð mótuð af lögmálum klassískrar byggingarlistar. Þó svo Bauhausstefnan hafi snemma fest rætur í Þýskalandi gætti áhrifa hennar lítt í námskrá þýskra tækniháskóla um 1930. Þannig voru flest skólaverkefni Einars í klassískum anda og mótuð af þýskri byggingarhefð. Í byggingum hans og skipulagsúrlausnum má því oft greina togstreitu hefðbundinna og framsækinnar viðhorfa. Annað megineinkenni Einars, sem einnig má rekja til menntunar hans, var kunnátta hans í tæknilegum efnum. Fullyrða má að hann hafi verið einn fjölhæfasti og gagnmenntaðasti sérfræðingur á sviði byggingartækni í stétt íslenskra arkitekta. Einar var ágætur stærðfræðingur og átti áhuginn á þeirri grein rætur í námi hans við stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, sem á þeim tíma var nýstofnuð og einungis fáir sóttu. Hann reiknaði sjálfur út burðarþol og járnastyrkleik í mörgum húsa sinna og vann nákvæmar verklýsingar og kostnaðaráætlanir. Athugaði hann oft burðarútreikninga verkfræðinga í stærri verkefnum og gerði athugasemdir, ef niðurstöðum bar ekki saman. Stærðfræðin nýttist Einari ekki aðeins sem hjálpartæki í hagnýtum viðfangsefnum heldur hafði hún einnig bein áhrif á listsköpun hans. Sérþekking hans á burðareiginleikum steinsteypu gerði honum kleift að setja fram óhefðbundnar lausnir sem aðeins var á fárra valdi að útfæra. Einar beitti reikningskunnáttu sinni til að sýna fram á hagkvæmni og raunhæfni byggingarhugmynda sem erfitt hefði reynst að réttlæta út frá formrænum forsendum einum. Þekking hans á útfærslum og efnisvali veldur miklu um að byggingar hans hafa staðist álag veðurs og notkunar betur en önnur hús. En þó Einar væri snjall tæknimaður beindist hönnun hans ætíð að því að sameina listræn og tæknileg sjónarmið. Hann var áhugamaður um listir og átti frumkvæði að því að listamenn væru fengnir til þess að vinna verk í byggingar sínar. Ber sérstaklega að geta vináttu hans og Ásmundar Sveinssonar, sem gerði myndir m.a. í Laugarnesskóla, Melaskóla og Heilsuverndarstöðina. Einar aðstoðaði Ásmund við hönnun kúlupaksins á húsi hans við Sigtún og teiknaði síðar bogaskemmuuna við hlið þess.

Arkitektinn Einar Sveinsson lifði fyrir starf sitt. Honum hefur verið lýst sem hæglátum manni og hlédrægum er hafði sig lítt í frammi á mannamótum utan vinnutíma.¹⁾ Einar barst lítið á í efnalegu tilliti og bjó alla tíð ásamt konu sinni, Vigdís (Stellu) Reykdal, í húsinu Bergþórugötu 55, sem faðir hans, Sveinn Jónsson, reisti árið 1935. Hann mætti oft seint til vinnu á teiknistofu bæjarins og sinni fundum, byggingareftirliti og öðrum embættisstörfum fram eftir degi. Hinum skapandi þætti starfs síns vann hann að síðla dags og langt fram á nætur í litlu vinnuherbergi á heimili sínu.



Höggmyndasafn Ásmundar Sveinssonar (1954-59) / Ásmundur Sveinsson Sculpture Gallery.

1)

Dr. Bjarni Jónsson, Minningargrein. Morgunblaðið 20. mars 1973.



Einar Sveinsson (t.h.) ásamt Stelli Reykdal og Skarphéðni Jóhannsyni arkitekt í Kaupmannahöfn árið 1946



Einar Sveinsson arkitekt



Ljómynningar: Pjetur Sjömann, Ljómynningastofa Reykjavíkur.

37

Bergþórugata 55, heimili Einaris Sveinssonar / Einar Sveinson's home at Bergþórugata 55



Ljómynningar: Kristján Pjetur Guðbrásson, Ljómynningastofa Reykjavíkur.

Vinnuherbergi Einaris Sveinssonar / study



Ljómynningar: Kristján Pjetur Guðbrásson, Ljómynningastofa Reykjavíkur.

Úr stofu á heimili Einaris Sveinssonar / living room



Ljósmyndgætt: Þorsteinn Jónsson, Arkitektasafn

Á teiknistofu Húsameistara Reykjavíkurbæjar í Austurstræti 16 árið 1948. Frá vinstri: Gunnar H. Ólafsson, Gunnar Hansson, Gunnar Theodórsson, Þór Sandholt.



Ljósmyndgætt: Páll Thomsen, Arkitektasafn

Á teiknistofu Húsameistara Reykjavíkurbæjar í Skúlatúni 2 árið 1958. Frá vinstri: Sigurjón Sveinsson, Aðalsteinn Richter, Kjartan Sigurðsson, Gunnar H. Guðmundsson, Sveinn Þorvaldsson, Kjartan Sveinsson.

heimildalykill

- ES: teikninga- og bréfasafn Einars Sveinssonar
Bd: teikningar og útboðsgögn Byggingadeildar Reykjavíkur
Bft: teikninga- og skjalasafn Byggingarfulltrúa Reykjavíkur
Bmr: Byggingarmálaráðstefnan 1944. Erindi og umræður. Landsamband lðnaðermanna, 1946
Lsk: Laugarnesskóli 50 ára 1935-85. Afmælisrit, 1988
Bskj: Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Fhm: Fréttabréf um heilbrigðismál
FK: Finnur Kristinsson. Drög að skipulagssögu Reykjavíkurborgar. Óbirt handrit
Ístm: Íslenskir samtíðarmenn, 1993
Mbl: Morgunblaðið
PL: Páll Lindal. Reykjavík, I-IV. bindi. Örn og Örlygur. 1989
SH: teikningasafn Sigmundar Halldórssonar
TVFÍ: Tímarit Verkfræðingafélags Íslands
Vtal: Verkfræðingatal 1. útgáfa. 1956

- 1906
Einar Sveinsson fæddur 16. nóvember 1906 í Reykjavík. Foreldrar: Sveinn Jónsson trésmiður og Guðrún Einarsdóttir, bæði ættuð úr Fjótshlíð. (Vtal)
- 1920-26
Nám við Menntaskólann í Reykjavík. Lauk stúdentsprófi úr stærðfræðideild. (Vtal)
- 1927-32
Nám í húsagerðarlist við Technische Hochschule Darmstadt, Þýskalandi. Lauk fyrrihlutaprófi árið 1929 og lokaprófi í nóvembermánuði 1932. (ES)
- 1929
Undirritar teikningar af íbúðarhúsinu Tjarnargötu 43. (Bft)
- 1930
